

**Sp.**

**96. Tillaga til þingsályktunar**

[88. mál]

um könnun á efnahagslegri og félagslegri stöðu ellilífeyrisþega.

Flm.: Eyjólfur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna efnahagslega og félagslega stöðu ellilífeyrisþega á Íslandi. Aðalverkefni nefndarinnar verði:

1. Að kanna lífskjör ellilífeyrisþega.
2. Að kanna félagslega stöðu ellilífeyrisþega.
3. Að kanna hver sé munur á aðstöðu ellilífeyrisþega, er dvelja á elliheimilum og öðrum líkum stofnunum, og þeirra, er dvelja utan þeirra.
4. Að kanna hvaða munur sé á aðstöðu ellilífeyrisþega, er búa í þéttbýli, og þeirra, er búa í dreifbýli.
5. Að kanna hvernig ástatt sé um heilbrigðisþjónustu við aldraða.
6. Að leggja fram tillögur til úrbóta í framhaldi af niðurstöðu könnunarinnar.

**G r e i n a r g e r ð .**

Staða ellilífeyrisþega innan þjóðfélagskerfis, er við búum við á Íslandi, er þannig að öllum, sem til þekkja, hefur verið fyrir löngu ljóst að eigi verður við unað lengur.

Skilningsleysi yfirvalda og áhugaleysi almennings hefur orðið til þess, að stöðugt hefur á undanförnum árum orðið erfiðara fyrir gamla fólkið að hafa í sig og á.

Barátta fyrir bættum kjörum þessa fólks hefur orðið út undan vegna stöðugrar kröfugerðar svokallaðra þrýstihópa þar sem aðeins ríkir áhugi á framgangi takmarkaðra hópa og eiginhagsmunir speglast í öllum kröfum.

Eldri kynslóðin á Íslandi er ekki kröfuhörð og hefur aldrei verið. Engu að síður lagði hún grunninn að þeim lífskjörum er við nú njótum góðs af. Áratuga-barátta þessa fólks fyrir réttlátara þjóðfélagi hefur ekki verið þökkun af þeirri kynslóð sem á eftir kom. Það er okkar hlutverk að sjá svo um að hún og allir, er síðar koma, megi búa áhyggjulaus í ellinni.

Þjóð, sem ekki býr vel að þeim sem skilað hafa henni ævistarfi, getur ekki haldið því fram að hún hafi skapað velferðarþjóðfélag.

Það er staðreynd að allt of margir ellilífeyrisþegar á Íslandi búa við vægast sagt kröpp kjör, öryggisleysi og takmarkaða heilsugæslu. Slíkt getur ekki haldið áfram. Við verðum að snúa við blaðinu, gera úttekt á stöðu ellilífeyrisþega og í framhaldi af því leggja fram tillögur til varanlegrar lausnar á þessum vandamálum.